

Maí 2021 Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 39 Tákn: Duglegur				
3 Hakkabuff, kartöflur, brún sósa, gufusoðið grænmeti, sulta	4 Mexíkófiskur, hrísgrjón, salatbar	5 Kjúklingaborgarar, bátakartöflur, kaldar sósur, gúrka/tómatar/kál	6 10:50 Skólahópur í sund Steiktur fiskur í fjölkornaraspi, kartöflur, kaldar sósur, gúrkur/tómatar	7 Pylsupasta, heimabakað brauð, smjör, kalt kjúklingapasta
Vika 40 Tákn: Sitja				
10 Litlar kjötbollur, hrísgrjón, súrsæt sósa, spínatsalat	11 Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, smjör, gufusoðið grænmeti	12 Snitzel, kartöflur, brún sósa, maísbaunir, ferskt salat	13 Uppstigningard. Lokað	14 Makkarónugrautur, slátur, brauð, ávextir
Vika 41 Tákn: Detta				
17 Gúllas, kartöflustappa, sulta, brokkolí og blómkál	18 Plokkfiskur, rúgbrauð, smjör, gufusoðið grænmeti	19 Steiktur kjúklingur, franskur, ferskt salat sveppasósa/koktelsósa,	20 Fiskur í raspi, kartöflur, kaldar sósur, gulrótar salat	21 Mexíkósk kjúklingasúpa, snakk, ostur, sýrður rjómi, heimabakað brauð
Vika 42				
24 Annar í hvítasunnu Lokað	25 Paprikufiskur í formi, kartöflur, salatbar	26 Lasagne, kartöflustappa, spínatsalat	27 14:00 Útskrift skólahóps Pylsur í brauði	28 Íspinnagleði Grjónagrautur, slátur, brauð, ávextir
Vika 43				
31 Fiskibollur, kartöflur, karrýsósa, spínatsalat	1 júní Starfsdagur Lokað	2 júní	3 júní	4 júní

Gaman saman

Allt Gaman saman samstarf við Varmahlíðarskóla hefur legið niðri síðan 25. mars. Á þessari stundu er ekki vitað hvort hvort við náum einhverjum hittingi eða heimsókn áður en þessu skólaári lýkur.

Skólahópur í sund

Fimmtudag 6. maí kl 10:50 er stefnt að því að fara með skólahópurinn í sund. Ef sóttvarnarreglur heimila blöndun hópa þá verður 1. bekkur með þeim í sundi en annars verður það bara skólahópurinn.

Íspinnagleði

Föstudag 28. maí fögnum við því að vetrinum sé lokið og bjóðum upp á íspinna áður en börnin fara að tínast út í frí eða hætta alveg hjá okkur. Ef veðrið er hagstætt munu öll börnin koma saman í öðrum hvorum garðinum til að borða ísinn.

Starfið í skólahóp, lokaverkefni og útskrift

Í maí er skólahópurinn að vinna lokaverkefnið sitt. Mikilvægt er að börnin mæti reglulega og stundvíslega, því tíminn er nýttur frá kl 9:00 á morgnana. Gott er að vera í sambandi við Fanneyju ef ætlunin er að taka frí fyrir barnið einhverja daga, svo hún geti skipulagt æfingar og aðra vinnu með öllum hópnum á öðrum tíma. Útskrift er áætluð fimmtudag 27. maí kl 14:00. Að þessu sinni fer hátíðin fram á efri hæðinni í Miðgarði. Við vonumst til að sóttvarnarreglur heimili okkur að bjóða fjölskyldum útskriftarbarnanna að vera með okkur á þessum lokapunkti á hópastarfi barnanna.

Lokunardagar í maí og júní

Fimmtudagur 13. maí - Uppstigningardagur
Mánudagur 24. maí - Annar í hvítasunnu
Þriðjudagur 1. júní - Starfsdagur
Fimmtudagur 17. júní - Þjóðhátíðardagurinn
Föstudagur 2. júlí - Skipulags- og frágangsdagur.

Veikindi barna

Þar sem töluvert hefur verið um veikindi barna á undanförunum vikum viljum við benda á eftirfarandi reglur, sem hægt er að finna á www.heilsugaeslan.is

Barn á ekki að koma í leikskólann ef:

- Barnið er með hita.
- Barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar: slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang.
- Barnið er í sóttkví, einangrun eða beðið er niðurstöðu sýnatöku [eða er í samkiptum við aðila sem er í sóttkví - innskot leikskólastjóra].

Veikindi leikskólabarna:

- Barn skal sótt í leikskólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær hita yfir 38°C og flensulík einkenni.
- Leikskólabörn skulu að jafnaði vera hress og hitalaus í að minnsta kosti sólarhring, áður en þau koma aftur í leikskólann.

Gott er að hafa í huga að ef vafi er á hvort barnið sé lasið eða ekki þá sé barnið látið njóta vafans og haft heima frekar en að það þurfi að takast á við leikskóladaginn illa fyrir kallað.